

# REGLUR UM STARFSÞRÓUNARSJÓÐ AKADEMÍSKRA STARFSMANNA

## 1. gr.

Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna Listaháskólans hefur það meginhlutverk að styðja við starfsþróun akademískra starfsmanna skólans. Með starfsþróun er átt við símenntun á fagsviði viðkomandi starfsmanns og hverja þá viðleitni sem telja má að leiði til eflingar í faglegu starfi við skólann. Meðal efnisþátta sem sjóðurinn styrkir er þátttaka í námskeiðum, ráðstefnum og sýningum, miðlun og listflutningur á opinberum vettvangi, fyrirlestrahald utan skólans og kynnisferðir aðrar en heimsóknir í menntastofnanir.

## 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög skólans skv. rekstraráætlun og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að hlotnast.

## 3. gr.

Stjórn Starfsþróunarsjóðs akademískra starfsmanna er skipuð rektor, sem jafnframt er formaður stjórnar, og fulltrúum fastráðinna akademískra starfsmanna, einum frá hverri deild. Fulltrúar akademískra starfsmanna eru tilnefndir til tveggja ára í senn. Skipa skal varamann fyrir hvern fulltrúa.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins innan þess ramma sem reglur þessar setja. Ákvarðanir um styrkveitingar fara fram á fundum sjóðsins, en minnst þarf helmingur fulltrúa að sitja fund stjórnar til að hann sé lögmætur.

## 4. gr.

Framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands sér um rekstur og vörslu Starfsþróunarsjóðs í umboði stjórnar sjóðsins. Starfsmaður stoðsviða er ritari sjóðsins.

## 5. gr.

Rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum hafa allir fastráðnir akademískir starfsmenn Listaháskóla Íslands. Auk þess hafa stundakennarar, sem kenna a.m.k. 200 G-tíma á yfirstandandi misseri, rétt á að sækja um styrk.

## 6. gr.

Auglýst er eftir umsóknum tvisvar sinnum á skólaári, snemma á haustmisseri og snemma á vormisseri. Styrkhafar skulu vitja styrkja innan 6 mánaða frá styrkveitingu, ellegar fellur styrkur niður.

Við mat á umsóknum verður litið til hvernig verkefnið stuðlar að faglegri þróun og eflingu í starfi við Listaháskóla Íslands, hvort verkefni sé skýrt skilgreint og með afmarkandi tímasetningum. Kostnaðaráætlun skal fylgja umsókn.

Sett er það skilyrði að umsækjandi hafi skilað inn greinargerð fyrir fyrri verkefnum hafi hann áður fengið styrk úr sjóðnum.

Umsóknir skulu sendar ritara sjóðsins innan þess frests sem auglýstur er.

## 7. gr.

Samþykkt af stjórn þann 18. júní 2018.